

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 12. janúar 1976 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað þess að ætla landspildu þá, sem liggur milli Miklubrautar og gróðrarstöðva við Suðurlandsbraut, vestan Skeiðavogs undir útivistarsvæði, skuli þar framvegis gert ráð fyrir iðnaði, vörugeymslum og þjónustustarfsemi.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1976.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 14.

20. janúar 1976.

REGLUGERÐ

um greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi.

1. gr.

Rétt til bóta samkvæmt reglugerð þessari eiga þær konur, sem forfallast hafa frá vinnu vegna barnsburðar og fullnægja skilyrðum þeim, sem hér fara á eftir:

- a. Eru fullra 16 ára og eru fullgildir félagsmenn í verkalýðsfélögum.
- b. Sanna með vottorði launagreiðanda, að þær hafi á síðustu 12 mánuðum fyrir barnsburðinn stundað vinnu, sem tryggingaskyld er samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar í að minnsta kosti 1032 dagvinnustundir eða 516 dagvinnustundir, sé um reglubundna hálfisdagsvinnu að ræða, enda hafi vinnan verið greidd samkvæmt kjarasamningi eða taxa verkalýðsfélags. A. m. k. þriðjungur þeirra dagvinnustunda, sem að framan greinir, skal hafa verið unnin eftir að kona varð fullra 16 ára.

Konur, sem fullnægt hafa framangreindum skilyrðum, halda rétti sínum til fæðingarorlofs, þótt þær hafi fyrir fæðingu barns stundað allt að 24 mánuðum vinnu hjá launagreiðanda, sem ekki er iðgjaldsskyldur til atvinnuleysistrygginga. Réttur glatast heldur ekki, þótt þær hafi fyrir fæðingu verið veikar um allt að tveggja ára skeið, enda séu veikindin sönnuð með læknisvottorði.

Kona, sem áður hefur fullnægt skilyrðum til þess að fá atvinnuleysisbætur og lokið bótatímabili sínu, telst fullnægja skilyrðum til fæðingarorlofsgreiðslu, þótt vinnustundafjöldi hennar á síðustu 12 mánuðum, sem að framan getur, sé ekki fullnægt, enda hafi ekki tekist að útvega henni vinnu og hún fullnægt skilyrði um daglega skráningu hjá vinnumiðlun. Þegar reiknaður er tími til réttinda samkvæmt framansögðu, telst ekki með sá tími, sem verkfall eða verkþann hefur hvílt á starfsgrein þeirri, sem stéttarfélag umsækjanda tekur til, nema sannað sé, að konan hafi verið orðin þunguð, þegar það verkfall eða verkþann hófst.

- c. Leggja fram vottorð ljósmóður eða lækni um fæðingu barns.

2. gr.

Þær konur, sem telja sig eiga rétt til fæðingarorlofs samkvæmt reglugerð þessari, skulu snúa sér til nefndar þeirrar, sem annast úthlutun atvinnuleysisbóta fyrir stétt-